

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 5-2019

Staður: Hvanneyri

Tími: þriðjudaginn 28. maí 2019, kl. 13:30 – 15:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Guðrún Eik Skúladóttir, Jóhannes Kristjánsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir (á zoom), og Sunna Þórarinsdóttir (á zoom). Halldór Þorgeirsson og Hera Sól Hafsteinsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá

1. Stefnumótun Lbhí

Stefna Lbhí hefur verið rýnd af framkvæmdastjórn og MMR. Starfsmönnum og nemendum verður send stefnan til loka-rýni. Boðað hefur verið til kynningar á stefnunni fyrir hagaðila að Hvanneyri 7. júní kl 14:00.

Fyrstu drög að mögulegu nýju skipuriti rædd í háskólaráði. Ákveðið að byrja að kynna þau fyrir öllum starfsmönnum á næsta háskólafundi 18. júní og ákveða svo næstu skref í innleiðingu í framhaldinu á háskólaráðsfundi 25. júní.

2. Fjármál / eignir í umsjón skólans

Óskað hefur verið eftir fundi með menntamálaráðherra um Miðfossa, aðstöðu fyrir jarðrækt og rannsóknir í garðyrkju.

3. Starfsreglur Háskólaráðs

Frestað til næsta fundar.

4. Aðrar reglur Lbhí og verkferlar

Unnið verður að tillögum að uppfærslum í sumar sem lagðar verða fram til samþykktar í ágúst.

5. QEF2

Unnið er að skýrslu (mid-term report) sem lögð verður fyrir Gæðaráð 18. september nk.

6. Skjalavistunarmál

Óskað hefur verið eftir samstarfi við Háskóla Íslands um innleiðingu nýs skjalavistunarkerfis. Samið hefur verið við Gunnhildi Manfreðsdóttur um að aðstoða við að útbúa skjalalykla og hefja undirbúning í sumar.

7. Til upplýsingar

- Niðurstaða valnefndar um starf lektors í umhverfisvísindum liggur fyrir og hefur viðkomandi verið boðið starf við skólann
- Nýr gestalektor við Lbhí
- Niðurstaða valnefndar um doktorsstyrki liggur fyrir



- d. Sjóðsstjórn Blikastaðasjóðs hefur samþykkt úthlutun úr sjóðnum
- e. Sjóðsstjórn Framfarasjóðs hefur samþykkt úthlutun úr sjóðnum
- f. Christian Schultze hefur verið skipaður fulltrúi Lbhí í Auðnu
- g. Jóhannes Sveinbjörnsson og Emma Eyþórsdóttir hafa verið tilnefnd sem fulltrúar Lbhí í áhættumatsnefnd til að veita og hafa umsjón með framkvæmd vísindalegs áhættumats á sviði matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru.
- h. Ráðunautafundur verður haldinn á Hvanneyri 6.-7. júní nk.
- i. Undirritun samstarfssamninga við grunnskólann og leikskólann á Hvanneyri fór fram í dag.
- j. Íbúðalánasjóður framlengir samning um nemendagarða.
- k. Nýr styrkur frá Byggðastofnun í verkefni sem Lbhí leiðir: *Betri búskapur og bættur þjóðarhagur*. Verið að setja upp ráðgjafateymi og starfshóp.

8. Önnur mál og næsti fundur

- a. Næsti fundur verður haldinn 25. júní kl. 13:30 á Hvanneyri.

Fundargerð var lesin og samþykkt af öllum háskólaráðsfulltrúum.

Fundi slitið 15:15

